

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 25. október 2022
UST202210-178/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 vegna jarðstrengs - kynning skipulagslýsingar. Umsögn

Vísað er til erindis Norðurþings dags. 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Í stað þess að styrkja Kópaskerslínu með nýjum stálmöstrum á þeim köflum sem farið hafa illa undanfarna vetur hefur verið ákveðið að leggja línuna í jörð.

Umhverfisstofnun telur að á vissum svæðum bæði í Þingeyjarsveit og Norðurþingi hefðu upphafleg áætlun verið betri kostur umhverfislega heldur en jarðstrengur. Þegar valið er að leggja jarðstrengi í stað loftlína verður að leggja áherslu á að velja þessum mannvirkjum stað þar sem umhverfisáhrif verða sem minnst. Oft henta línustæði síður fyrir jarðstrengi sérstaklega þar sem farið er um hraun og kletta með lítilli jarðvegsþekju. Færa ætti strengleiðina af Presthólakrauni og í laus jarðlög utan við hraunið. Þetta ætti í raun að vera aðalatriði þegar strengjum er valinn staður að elta laus jarðlög og draga úr raski sem óhjákvæmilega fylgja þegar fleyga þarf berg fyrir jarðstrengi. Einnig þarf að hafa í huga að gamlir ófullkomnir vegir sem lagðir hafa verið á hraun eru oft það efnislitlir að ómögulegt er að leggja þar jarðstrengi án þess að fleyga þurfi skurð fyrir strenginn og ætti í þessum tilfellum að skoða aðrar leiðir.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri